

- d. Kaffi, óbrenndu eða brenndu og möluðu, sem telst til nr. 1—2 í 9. kafla tollskrár. 76
23. des.
- e. Sykri, sem telst til nr. 1—6 í 17. kafla tollskrár.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1954.

Gjört í Reykjavík, 23. desember 1953.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Eysteinn Jónsson.

L Ö G

77

23. des.

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að innheimta ýmis gjöld 1954 með viðauka.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að innheimta á árinu 1954 með viðauka eftirtalin gjöld til ríkissjóðs:

- Með 100% viðauka vitagjald samkv. lögum nr. 17 11. júlí 1911 og síðari lögum um breyting á þeim lögum.
- Með 140% viðauka aukatekjur ríkissjóðs, sem taldar eru í lögum nr. 27. 27. júní 1921, að undanteknum gjöldum samkv. VII. kafla laganna, sem innheimtist með 75% álagi.
- Með 140% viðauka stimpilgjald, leyfisbréflagjald og lestagjald.
- Með 200% viðauka gjöld samkv. IX. kafla laga nr. 68 5. júní 1947, um eftirlit með skipum, að undanskildum gjöldum samkv. 58. gr. laganna.
- Með 560% álagi gjald af innlendum tollvörutegundum samkv. lögum nr. 60 1939, nema af gosdrykkjum samkv. 1. tölulið 4. kafla, 2. gr., með 680% álagi, öli samkv. 3. tölulið sama kafla með 740% álagi og kaffibæti samkv. 1. lið 3. kafla með 50% álagi.

2. gr.

Álagið skal reikna þannig, að hver gjaldeining hækki um þann hundraðshluta, sem um ræðir í 1. gr., en broti úr eyri, sem myndast við viðbót þessa, skal sleppt.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1954.

Gjört í Reykjavík, 23. desember 1953.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Eysteinn Jónsson.